

Það kostar ekkert að brosa!

Tryggingastofnun ríkisins vinnur markvisst að því að auka gæði þjónustu við lífeyrisþega, þrátt fyrir að hafa eins og aðrar stofnanir og fyrirtæki þurft að hagræða og spara undanfarin ár.

Gripið hefur verið til ýmissa hagræðingarráðstafana. Meðal annars endurskipulagningar póstuðsendinga til lífeyrisþega og einföldunar

útsendingarefnis. Það skilar árlega tugum milljónum króna í sparnað.

Á sama tíma hefur vefurinn okkar www.tr.is verið endurnýjaður og rafræn þjónusta efl. Boðið er upp á netspjall og á tryggur-mínar síður getur lífeyrisþegi eða umboðsmaður hans meðal annars skoðað mánaðarleg greiðslufirlit og breytt tekjuáætlun. Facebook-viðskiptasiða hefur verið opnuð og fjölmargir fræðslufundir hafa verið haldnir í samvinnu við hagsmunasamtök og banka.

Þá fóru starfsmenn Tryggingastofnunar og umboða á þjónustustjórnunarnámskeið. Þátttakendur voru frá öllum sviðum stofnunarinnar og reyndist það góð leið til að auka samvinnu og skilning starfsmanna á störfum hver annars. Við vitum líka að gott viðmót gagnvart viðskiptavinum skiptir máli og þar þarf ekkert að spara - því það kostar ekkert að brosa!

